

## S A M Þ Y K K T

62

28. apríl

## um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23 júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborgareign með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Wardslóð, svonefnd, neðan Skipagötu, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
3. Lóð Sigurðar Bentssonar og Kaupfélags Ísfirðinga, Aðalstræti 12.
4. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hraðfrystihússins Norðurtanginn h.f.
5. Lóð og húseign Guðmundar Björnssonar, kaupm., við Sundstræti, Sundamegin.
6. Lóð Magnúsar Kárasonar, Óskars Sumarliðasonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
7. Lóð Emanúels og Friðbergs Gíslasonar, nr. 11 við Aðalstræti.
8. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar trésmiðs.
9. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eigendur Ólafur Magnússon o. fl.
10. Lóðin nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson.
11. Lóðin nr. 11 við Hafnarstræti, eigendur Arngr. Fr. Bjarnason, Verzlun Jónasar Magnússonar og H. Herlufsen.
12. Lóð Guðbjargar Guðjónsdóttur við Hafnarstræti.
13. Lóð Elíasar J. Pálssonar, nr. 1 við Hafnarstræti.
14. Lóð Finnbjörns Finnbjörnssonar, nr. 3 við Hafnarstræti.
15. Lóðin nr. 4 við Silfurgötu, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
16. Lóð undir svonefndri Soffiubúð við Silfurtorg, eign Jóns Ísaks Magnússonar.
17. Lóð Karls Ólgeirssonar, nr. 2 við Silfurgötu.
18. Lóðin nr. 6 við Silfurgötu, eign Baldurs Johnsens.
19. Lóðin nr. 8 við Silfurgötu, eign Sveinbjörns Benediktssonar.
20. Lóðin nr. 8 a við Silfurgötu, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
21. Lóðin nr. 12 við Silfurgötu, eign Sigríðar Ísaksdóttur.
22. Lóðin nr. 12 a við Silfurgötu, eign Valgerðar Hafliðadóttur.
23. Lóðin nr. 14 við Silfurgötu, eign Eyjólfis Bjarnasonar.
24. Lóð Ástmars Benediktssonar, nr. 11 við Sundstræti.
25. Lóð Örnólfs Hálfðánarsonar, milli Skipagötu og Sundstrætis.
26. Lóð Skúla Þórðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar við Sundstræti.
27. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
28. Lóð Ágústs Péturssonar, undir svonefndum Ásgeirshjalli.
29. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Skipagötu og Sundstræti.
30. Lóð Guðmundar Pálssonar, nr. 14 við Skipagötu.
31. Lóð Benedikts Egilssonar o. fl. við Skipagötu nr. 12.
32. Lóð H.f. Fiskimjöl, Torfnesi.
33. Lóð og aðrar fasteignir við Aðalstræti 9, eign h.f. Munins.
34. Íbúðarhúsið og lóðin nr. 17 við Hafnarstræti, eign dánarbús Sveinbjörns Halldórssonar.
35. Húseignin og lóðin Hafnarstræti 33, eigendur Jón B. Jónsson og Hjörtur Einarsson.
36. Húseignin og lóðin Smiðjugötu 12, eigendur Daníel Jónsson og Eggert Samúelsson.

- 62** 37. Húseignin og lóðin Sundstræti 31, eigundur Halldór Sigurðsson og Guðjón Halldórsson.  
28. apríl 38. Húseignin og lóðin Tangagötu 28, eigandi Daniel Kristjánsson.  
39. Húseignin og lóðin Fjarðarstræti 47, eigandi Baldvin Jónsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jón S. Ólafsson.*

**63**  
3. maí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerðum nr. 48 1944, nr. 67 1932 og nr. 88 25. okt. 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ráðherra getur þó heimilað bifreiðaeigendum að tryggja bifreiðir sínar fyrir skemmri tíma en eitt ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 3. maí 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**64**  
7. maí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 5. júní 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

1. gr.

Upphaf 5. málsg. 10. gr. orðist þannig:

Ef lántakandi á fé í nýbyggingarsjóði, má lánsfjárhæðin, samkvæmt 1.—4. málsg. þessarar greinar, að viðbættri eign hans í nýbyggingarsjóði, eigi fara fram úr matsverði hinnar veðsettu eignar.

2. gr. •

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 7. maí 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Jón Guðmundsson.*